

## Starfsreglur fyrir fjárhagsnefnd KSÍ

### 1.gr.

Fjárhagsnefnd KSÍ starfar samkvæmt lögum KSÍ. Fjárhagsnefnd skal skipuð a.m.k. 3 mönnum, sem stjórn KSÍ tilnefnir og skal einn þeirra vera gjaldkeri KSÍ og skal hann vera formaður nefndarinnar. Að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum. Framkvæmdastjóri KSÍ situr fundi nefndarinnar og er starfsmaður hennar.

### 2.gr.

Nefndin skal koma saman þegar þurfa þykir, tvisvar til fjórum sinnum á ári. Formaður boðar til funda og stýrir þeim.

### 3.gr.

Fjárhagsnefnd hefur umsjón með fjármálum KSÍ og gerir tillögu að fjárhagsáætlun. Nefndin annast eftirlit með fjárhagsmálum KSÍ og fer með innra eftirlit. Nefndin skoðar reglulega framgang rekstraráætlana sambandsins og leggur nauðsynleg fjárhagsgögn fyrir stjórn KSÍ.

### 4.gr.

Fjárhagsnefnd skal annast önnur þau störf, sem stjórn KSÍ kann að fela henni á hverjum tíma.

### 5.gr.

Starfsmaður nefndarinnar annast útsendingu fundarboðs með dagskrá og heldur fundargerð sem hann sendir afrit af til nefndarmanna. Fundargerðir skulu lagðar fyrir stjórn KSÍ í samræmi við starfsreglur stjórnar. Erindi til nefndarinnar skal vera skriflegt og það sent til starfsmanns hennar á skrifstofu KSÍ sem tekur það til afgreiðslu. Stjórn KSÍ sker úr öllum ágreiningsatriðum, sem kunna að rísa út frá reglum þessum.

### 6. gr.

Starfsreglur þessar taka þegar gildi.

*Samþykkt af stjórn KSÍ 7. apríl 2016.*